

*Aðalfundur
Ungmennafélags
Njarðvíkur 2015*



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

BOLTI GEGN BÓLI - HREÝSTI TIL HAGSÆLDAR

*Haldinn miðvikudaginn 16.mars 2016
kl. 19:30 í íþróttahúsinu í Njarðvík*



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Efnisyfirlit

1.0 Aðalfundur 2015

1.1 Dagskrá aðalfundar

2.0 Skýrsla stjórnar

2.1 Aðalstjórn 2015 – 2016

2.2 Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

2.2.2 Framtíðarsýn UMFN

2.3 Starfssemi aðalstjórnar

2.3.1 Unglingalandsmót UMFÍ

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ

2.3.4 Sport og ævintýraskóli

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

2.3.6 Styrktarreglur UMFN

2.3.7. Framtíðarsýn UMFN

2.3.8 Þorablót

2.3.9 Fundir aðalstjórnar

3.0 Starfssemi deilda

3.1 Knattspyrnudeild

3.2 Körfuknattleiksdeild

3.3 Massi – líksamræktar og kraftlyftingadeild

3.4. Sunddeild

3.5 Judódeild

3.6 Þríþrautardeild

4.0 Þakkarorð



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Efnisyfirlit framhald...

5.0 Íþróttafólk Ungmennafélags Njarðvíkur 2015

- 5.1 Íþróttakarlar og íþróttakonaUMFN 2015
- 5.2 Knattspyrnumaður UMFN 2015
- 5.3 Körfuknattleiksmaður og körfuknattleikskona UMFN 2015
- 5.4 Kraftlyftingarmaður og kraftlyftingarkona UMFN 2015
- 5.5 Sundkona UMFN 2015
- 5.6 Judómaður UMFN 2015
- 5.7 Þríþrautarmaður og þríþrautarkona UMFN 2015

6.0 Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2015

- 6.1 Körfuknattleiksdeild
- 6.2 Massi – lyftingar og líkamsræktardeild
- 6.3 Sunddeild
- 6.4 Knattspyrnudeild
- 6.5 Judódeild
- 6.6 Þríþrautardeild

7.0 Heiðursviðurkenningar

- 7.1 Ólafsbikar
- 7.2 Gullmerki með lárviðarsveig
- 7.2 Gullmerki
- 7.3 Silfurmerki
- 7.4 Bronsmerki
- 7.5 Aðrar viðurkenningar

8.0 Reikningar félagsins 2015

- 8.1 Áritun bókhaldsstofu
- 8.2 Skýrsla og áritun stjórnar
- 8.3 Áritun skoðunarmanna reikninga
- 8.4 Rekstrarreikningur
- 8.5 Efnahagsreikningur
- 8.6 Sjóðsstreymisreikningar



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

8.7 Sundurliðanir

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi

1.0. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins haldinn 16.mars í Íþróttahúsinu í Njarðvík kl. 19:30

1.1. Dagskrá fundar

1. Fundur settur.
2.
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 - Ávarp formanns
 - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2015
2. Heiðursviðurkenningar.
3. Ávarp gesta.
4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
 - Kosinn formaður.
 - Kosnir 2 stjórnarmenn til tveggja ára.
 - Kosnir 2 stjórnarmenn til eins árs
 - Kosnir 2 varamenn.
 - Kosnir 2 skoðunarmenn og einn til vara.
5. Önnur mál.
6. Fundarslit.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

2.0. Skýrsla stjórnar Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir starfsárið 2015

2.1 Ungmennafélag Njarðvíkur – aðalstjórn 2015-2016

Ólafur Eyjólfsson, formaður
Einara Lilja Kristjánsdóttir, varaformaður
Sigríður Ragnarsdóttir, gjaldkeri
Anna Andrésdóttir, ritari
Thor Hallgrímsson, meðstjórnandi
Ágústa Guðmarsdóttir, varamaður
Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, varamaður

Skoðendur reikninga voru

Kristín Örlygsdóttir
Valþór Söring
Ingigerður Sæmundsdóttir tilvara

2.2. Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorrablótsnefnd

Hlutverk nefndarinnar er undirbúningur og framkvæmd þorrablóts félagsins.

Í nefndinni áttu sæti; Einara Kristjánsdóttir (aðalstjórn, formaður), Gulla Olsen (kraftl), Anna María Jónsdóttir (sund), Björgvin Jónsson (judó), Svanur Már Scheving og Sverrir Magnússon (3N), Jón Einarsson (knd) Helga Jónsdóttir (karfa) Jenný L. Lárusdóttir og Sigríður Ragnarsdóttir (aðalstjórn).

2.3. Starfssemi aðalstjórnar

2.3.1 Unglingalandsmót



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ

Á síðasta ári voru haldin 2 landsmót 50+ og Unglingalandsmót. Ungmennafélag Njarðvíkur átti þátttakendur á báðum mótunum.

Landsmót 50+ verður haldið 10.-12. júní á Ísafirði og Unglingalandsmótið verður í Borgarnesi dagana 29.7.-31.7. Við hvetjum okkar félagsfólk að fjölmenna á bæði mótin og eiga skemmtilega stund saman.

2.3.4 Sport og ævintýraskóli

Sport og ævintýraskóli fyrir börn frá 6-12 ára er orðinn fastur liður hjá félaginu í uppbyggingarstarfinu. Námskeiðin tókust mjög vel undir forystu Andrésar Þórarins Eyjólfssonar íþróttافرæðings. Reykjanesbær sá sér ekki fært að styrkja verkefnið að þessu sinni, sem er miður, en verður vonandi hægt síðar. Nánar um framkvæmd verkefnisins er að finna í skýrslu forstöðumannsins sem fylgir hér með.

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

49. sambandsþing UMFÍ var haldið helgina 17.-18. október 2015 í Vík í Mýrdal. Fulltrúar félagsins að þessu sinni voru Ólafur Eyjólfsson formaður og Jenný L. Lárusdóttir frkvstj.

2.3.6 Styrktarreglur UMFN

Aðalstjórn veitti nokkra styrki á starfsárinu í samræmi við reglur þar. Er styrkja nánar getið í ársreikningum félagsins.

- Þar sem fjölmargar styrktarbeiðnir bárust aðalstjórn ákvað stjórnin að setja ákveðnar reglur í þessu sambandi. Voru því neðangreindar reglur settar á fundi þann 22. september 2009.
- UMFN úthlutar styrkjum til afreksmanna sinna, samkvæmt umsóknum sem berast frá formönnum deilda og eru styrkhæf verkefni þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum með landsliðum Íslands ef kostnaður vegna fararinnar er ekki greiddur að fullu af viðkomandi sérsambandi.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

- Styrkur vegna tímabilsins 2014-2015 hefur verið ákveðinn 25.000,- krónur.
- Aðalstjórn UMFN fjallar sérstaklega um styrki vegna Ólympíuleika.
- Deildir UMFN eru fjárhagslega sjálfstæðar samkvæmt lögum félagsins og hafa tekjur af félagsgjöldum iðkenda sinna og ágóða af íþróttamótum og öðrum fjáröflunum. Deildir félagsins bera ábyrgð á útgjöldum* sínum og er uppsafnaður rekstrarvandi EKKI styrkhæfur.

*Dæmi um útgjaldaliði: Kostnaður við þjálfun (laun og fræðsla), keppnisbúningar, dómgæsla, ferðakostnaður og hver sá búnaður sem þarf til æfinga og keppni.

2.3.7. Framtíðarsýn UMFN

Björgvin Jónsson var fenginn í það verkefni að gera úttekt á aðstöðu og notkun húsnæðis félagsins og skilaði hann skýrslu sinni í feb. 2016. Nauðsynlegt er fyrir félagið að hafa heildarúttekt á allri þeirri aðstöðu sem félagið hefur til umráða, til þess að geta gert áætlanir varðandi „framtíðarsýn UMFN“.

Þökkum við Björgvini sérstaklega fyrir vel unnið starf.

Næsta skref er þá að fá aðila í nefnd sem ályktar um þörf félagsins á næstu árum.

2.3.8 Þorablót

Þorablót félagsins var haldið í félagsaðstöðu Ungmennafélagsins fimmta árið í röð. Þessi tilhögun krefst mikils undirbúnings sem hin ágæta þorablótsnefnd leysti af hendi með miklum sóma. Félagsmenn frá öllum deildum komu að uppsetningu salarins. Hinn sanni félagsandi endurspegladist þar á glæsilegan hátt við að gera salinn eins glæsilegan og hægt var. Bæjaryfirvöld, íþróttafulltrúi, forstöðumaður íþróttahúsins og starfsfólk eiga sérstakar þakkir skyldar fyrir einstaklega gott viðmót og hjálpssemi við framkvæmdina. Blótið sjálft tókst einstaklega vel, um 430 manns sóttu það og var uppselt í lok nóvember. Vinna við næsta blót er hafin.

2.3.9 Fundir aðalstjórnar

Stjórn félagsins hélt 8 bókaða fundi ásamt því að stjórnarmenn sátu hina ýmsu fundi í kringum þau verkefni sem unnið var að. Fastur fundartími er annar miðvikudagur hvers mánaðar kl. 17:30-19:00. Haldinn var 1 fundur með formönnum deilda. Varamenn stjórnar



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

sækja alla fundi stjórnarinnar og eru þeir því vel inn í öllum málefnum sem á baugi eru hverju sinni.

3.0 Starfsemi deilda

3.1. Knattspyrnudeild

Ársskýrsla Knattspyrnudeildar Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir starfsárið 2015

Starfsemin var með sama sniði og undanfarin ár og allir keppnisflokkar drengja starfandi og árangurinn var misjafn eins og venjulega. Mikil vonbrigði voru með árangurinn í meistaraflokki en liðið slapp við fall í 3. deild með einstakri heppni. B lið 2. flokks var Íslandsmeistari í keppni B liða en þar teflum við fram sameiginlegu liði með Keflavík. Yngri flokkarnir stóðu sig vel en þeir keppa í mismunandi styrktarflokkum en við megum vera vel sáttir við árangurinn þar og dugnað iðkenda. Starfsár yngri flokka spannar 11 mánuði á ári, aðeins stoppað í september til að hlaða batteríin. Alls störfuðu hjá deildinni 14 þjálfarar á árinu.

Reksturinn gekk ágætlega eins og reikningar ársins sýna, en það þarf að hafa fyrir því að reka svona starfsemi í dag. Fjármagn hér á svæðinu er ekki mikið en þó eru teikn á lofti um að svæðið sé að rísa upp á nýju, en það tekur tíma að komast í gott lag.

Eins og áður sá deildin um rekstur Íþróttasvæðisins við Afreksbraut samkvæmt samningi við Reykjanesbæ, þetta er stærsta einstaka verkefnið sem við tökum að okkur. Engar framkvæmdir voru á svæðinu þetta árið fyrir utan endurnýjun á varamannaskýlum á aðalvellinum.

Önnur stór verkefni eru hin ýmsu fjáröflunarverkefni; happdrætti, steikarkvöld, 17. júní hlaupið.

Svo eru það Njarðvíkurmótin í Reykjaneshöll sem er stórt verkefni en þar tökum við á mótum um 1600 keppendum í 5. flokkum en hugsanlega leggja leið sína á þessi mót sem áhorfendur hátt í 3000 manns, foreldrar og aðrir aðstandendur. Það er barna og unglíngastarfið sem nýtur góðs af þeim tekjum sem þessi mót skapa.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Stjórn deildarinnar á liðnu starfsári skipuðu; Haraldur Helgason formaður, Andrés Ari Ottosson, Agnar Olsen, Ásmundur Valgeirsson og Jón Einarsson. Ásmundur dró sig úr stjórn á árinu og kom Svanur Þorsteinsson í hans stað. Framkvæmda- og vallarstjóri var Leifur Gunnlaugsson.

Barna og unglíngaráð skipuðu; Birna Ómarsdóttir formaður, Elfa Hrund Guttormsdóttir, Eysteinn Jónsson og Guðmundur Steindórsson. Eysteinn flutti í burtu sl. haust og í hans stað komu þeir Sigfús Freyr Thorvaldsson og Sigvaldi Arnar Lárusson.

Stjórn knattspyrnudeildar þakkar öllum þeim sem komu að starfsemi deildarinnar á árinu, foreldrum, iðkendum, styrktaraðilum og öðrum samstarfsaðilum fyrir gott samstarf.

Afram Njarðvík

Fyrir hönd stjórnar
Haraldur Helgason
formaður

3.2. Körfuknattleiksdeild

Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar UMFN 2015

Þjálfarar mfl karla tímabilið 2015-2016, þeir Friðrik Rúnarsson og Teitur Örlygsson hafa haft í nógu að snúast ásamt stjórn deildarinnar á umliðnum mánuðum.

Ákveðið var að ganga til samninga við Stefan Bonneau enda sýndi hann og sannaði á sl. tímabili að hann er einn sá allra besti og skemmtilegasti leikmaður sem til landsins hefur komið. Stefan og Njarðvíkurliðið urðu fyrir miklu áfalli þegar í ljós kom að Stefan hafði orðið fyrir alvarlegum meiðslum áður en samningurinn tók gildi. Engu að síður var sú ákvörðun tekin í september 2015 að hliðra þannig til að Stefan gæti tekið út sitt bataferli á Íslandi. Hefur Stefan náð frábærum bata og er byrjaður að æfa með liðinu. Mun hann vonandi spila í úrslitakeppninni sem nú hefst innan skamms.

Í stað Stefan var leikmaðurinn Marquise Simmons ráðinn til starfa. Hann spilaði nokkra leiki með liðinu en að lokum var hann látinn fara þar sem hann hentaði ekki leikstíl liðsins.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Í millitíðinni tókst stjórn deildarinnar að ná samningi við landsliðsmanninn Hauk Helga Pálsson og munar þar um minna. Haukur er keppnismaður mikill og frábær alhliða leikmaður.

Lið Njarðvíkur spilaði fjölmarga leiki án erlends leikmanns á fyrri hluta tímabilsins eða þangað til núverandi leikmaður liðsins, Jeremy Atkinson var ráðinn til liðsins í stað Marquise Simmons. Hefur Jeremy staðist allar væntingar sem til hans voru gerðar, frábær félagi innan vallar sem utan og leikmaður sem gefur ávallt allt sitt í alla leiki.

Oddur Kristjánsson kom frá ÍR í janúar glugganum og hefur vægi hans innan liðsins vaxið jafnt og þétt frá því að hann kom til liðsins. Fyrir skömmu varð Logi Gunnarsson fyrir því að handarbrotna í leik á móti Þór og verður því frá keppni meira og minna alla úrslitakeppnina. Skal þó ekki útiloka hans þátttöku ef vel tekst til á fyrri stigum úrslitakeppninnar. Baginsky hefur spilað frábærlega á tímabilinu og verður fróðlegt að fylgjast með honum í úrslitakeppninni. Aðrir ungir leikmenn s.s. Snjólfur, Adam og Jón Arnór hafa sýnt góð tilþrif í vetur og ekki er langt að bíða þar til Gunnlaugur fær alvöru tækifæri með liðinu.

Þá mun mikið mæða á „stóru mönnunum“ þeim Hirti og Ólafi Helga í úrslitakeppninni sem er framundan.

Nú er svo komið að deildarkeppninni er lokið og endaði lið UMFN í sjöunda sæti deildarinnar, töluvert frá væntingum sem voru gerðar til liðsins. Því skal engu að síður haldið til haga að meiðsli og önnur ófyriséð vandræði hafa ollið því að liðið hefur í fjölmörgum leikjum spilað án mikilvægra leikmanna. Senn hefst alvaran og mikil spenna sem fylgir úrslitakeppninni og má búast við baráttu og taugastríði fyrir leikmenn og alla stuðningsmenn á næstu dögum og vonandi vikum.

Það er með stolti og gleði þegar skrifaðar eru nokkrar línur um unga leikmenn sem hafa alist upp hjá félaginu okkar en eru um þessar stundir leikmenn annarra liða. Í Bandaríkjunum hafa þeir félagar Elvar Már Friðriksson og Kristinn Pálsson spilað afar vel í háskólaboltanum í vetur. eru þessir leikmenn báðir í landsliðsklassa. Yngri bróðir Elvars, Ragnar Helgi fór í nám til Akureyrar sl. haust og tók jafnframt þá ákvörðun að spila með 1.deildar liði Þórs frá Akureyri. Hefur Ragnar Helgi átt frábært tímabil í stöðu leikstjórnanda hjá sterku liði Þórs. Hann er hæstur allra í deildinni yfir stoðsendingar en lið Þórs hefur nú þegar tryggt sér sæti á meðal þeirra bestu á næstu leiktíð.

Þar utan eru fjölmargir uppaldir leikmenn Njarðvíkur nú burðarásir hjá fjölmörgum félögum vítt og breytt um landið og meira að segja hér hinum megin við bæjarlækinn. Öllum þessum ungu og efnilegu konum og körlum færur við góðar kveðjur þó auðvitað sé vonin ávallt sú að fólk komi aftur heim í heiðardalinn.

Kvennalið UMFN hefur spilað frábærlega á síðari hluta tímabilsins og á möguleika á að spila til úrslita um úrvalsdeildarsæti við lið Skallgríms nú á vordögum. Slagurinn stendur á milli liða Njarðvíkur og KR.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Liðið okkar er afar ungt að árum og því líklegt til afreka á komandi árum enda fjölmargir leikmenn sem hafa að undanförunu spilað með yngri landsliðum Íslands. Síðastliðið haust ákvað stjórn deildarinnar að koma á ferð til Danmerkur fyrir kvennaliðið. Ferðin heppnaðist frábærlega og án efa hafði hún góð áhrif á liðið fyrir átök vetrarins. Eftir áramót var ákveðið að ráða bandaríska leikmanninn Carmen Tyson Thomas en segja má að hún hafi verið okkur hvalreki. Hún hefur spilað svo til óaðfinnanlega fyrir liðið og fært það upp á hærri stall. Innan sem utan vallar hefur Carmen verið frábær félagi en reynsla hennar og metnaður smitar frá sér til yngri leikmanna liðsins, hún gerir alla að betri leikmönnum í kringum sig. Liðið býr að sömu þjálfurum frá í fyrra eða þeim Friðriki Rúnarssyni og Agnari Mar Gunnarssyni. Hafa þeir án efa haft afgerandi þátt í miklum framförum liðsins á undanförunum tveimur árum.

Ólafur Hrafn var ráðinn áfram sem aðalstyrktarþjálfari liðsins og Sara Guðmundsdóttir áfram sem sjúkrþjálfari. Er ekki hægt að hugsa sér betri þjálfara, hvorn á sínu sviði.

Það er von stjórnar KKD UMFN að okkur takist að tryggja gott og heilbrigt starf í kringum körfuboltann í Njarðvík. Allir vita hversu mikilvæg greinin er fyrir íþróttalífið í bænum. Kröfurnar eru líka ávallt töluverðar enda byggir félagið á glæsilegri sögu og stórkostlegum árangri. Í dag eigum við tvö glæsileg lið, ungt og kraftmikið fólk sem leggur á sig erfiði, svita og tár svo þau geti spilað meðal þeirra bestu. Á bak við góðan árangur er ávallt mikil vinna og erfiði. Okkur eru allir vegir færir með fórnfýsi sjálfboðaliða, gæði þjálfara, öflugum keppnisanda leikmanna og síðast en ekki síst ástríðu áhorfenda. Sjáumst á pöllunum.

Áfram Njarðvík.

Gunnar Örlygsson formaður.

Skýrsla unglingaráðs UMFN 2015

Starfsemi Unglingaráðs var með hefðbundnum hætti tímabilið 2014-2015.

Iðkendafjöldi hefur aukist á síðustu árum og voru iðkendur rúmlega 220 þetta tímabil. Stærstu verkefni Unglingaráðs fyrir utan hefðbundið mótahald og æfingar eru Nettómót og m.a. umsjón á hátíðarsvæði Ljósanætur sem er samstarfsverkefni með Unglingaráði kkd Keflavíkur.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Einar Árni Jóhannsson sem hefur starfað sem yfirþjálfari Unglingaráðs undanfarin ár lét af störfum eftir tímabilið og réð unglingaráð Loga Gunnarsson sem nýjan yfirþjálfara Unglingaráðs. Aðrir þjálfarar yngri flokka eru Agnar Mar Gunnarsson, Erna Hákonardóttir, Gísli Gíslason, Bylgja Sverrisdóttir, Jóhannes Kristbjörnsson, Lárus Ingi Magnússon, Eygló Alexandersdóttir, Örvar Þór Kristjánsson.

Erlendur leikmaður kvennaliðs meistaraflokks, Kitta, þjálfaði einn flokk hluta tímabilsins en Miirko tók við eftir að Kitta lét af störfum.

Þá er styrktarþjálfarinn Ólafur Hrafn Ólafsson búinn að starfa undanfarin ár hjá félaginu og ríkir mikil ánægja með hans störf og líkamlegt atgervi eldri iðkenda mun betra en áður.

Sumaræfingar eru orðnar fastur liður í starfinu og voru í umsjón Loga Gunnarssonar.

Elvar Már Friðriksson hélt svo utan um afrekshóp og einnig komu fleiri þjálfarar félagsins að sumarstarfinu.

Tveir titlar komu í hús á keppnistímabilinu 2014-2015

Unglingaflokkur karla - Bikarmeistari - þjálfari Einar Árni Jóhannsson

11.flokkur karla - Íslandsmeistari - þjálfari Einar Árni Jóhannsson

F.h. Unglingaráðs

Alexander Ragnarsson.

3.3. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild

Skýrsla stjórnar Massa 2015

Árið 2015 hélt massafólk uppteknum hætti og kom sá og sigraði í lyftingum, kraftlyftingum og aflraunum. Þó svo að keppnisþátttaka okkar fólks hafi verið með dræmara móti þá létu þeir vel að sér kveða sem háðu keppnir og þar sannaðist hið fornkveðna að fólk uppskar eins og sáð var fyrir.

Massi hélt „aðeins“ þrjú mót á árinu. Íslandsmót í kraftlyftingum, keppnina um Sterkasta mann Suðurnesja og Kraftakeppni barna í tengslum við barnaviku Reykjanesbæjar. Við



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

höfum unnið okkur þann sess að vera bestu mótshaldarar Íslands í kraftlyftingum og höfum fengið mikið lof fyrir alla umgjörð og framkvæmd kraftlyftingamóta. Það var nákvæmlega þetta orðspor okkar sem landaði okkur einu stærsta bekkpressumóti heims.

Evrópumeistaramótið í bekkpressu verður haldið á annari hæð Massa, Ljónagryfjunni í ágúst næstkomandi. Líklegast vigtaði framkvæmd okkar á norðurlandamótinu 2014 þungt í ákvörðun EPF sem tókst svo vel að eftir var tekið í Evrópu. Það er ekki sjálfgefið að dýrasti kosturinn sé valinn þegar margir umsækjendur eru um mót eins og Evrópumeistaramótið í bekkpressu. Sú varð raunin og við megum vera griðarlega montin af þeim árangri sem við höfum náð í að skapa okkur það góða orðspor sem af okkur fer í heimi kraftlyftinga.

Nákvæmlega þetta góða orðspor varð til þess að Íþróttasamband fatlaðra leitaði til okkar 2015 um að halda fyrir þá Íslandsmót fatlaðra í kraftlyftingum 2016. Við tókum þessari bón opnum örmum og verður mótið haldið í Massa aðstöðunni sunnudaginn 13. mars næstkomandi.

Nú er svo komið að undirritaður stígur til hliðar sem stjórnarmaður í Massa til að búa til svigrúm fyrir önnur verkefni og vinnu sem að mér snúa. Ég byrjaði að keppa fyrir hönd UMFN/Massa febrúar 2002 og sama ár taka þátt í mótahaldi af fullum krafti. Síðan 2005 hef ég verið viðloðandi stjórn Massa með einum eða öðrum hætti ásamt því að vera titlaður yfirþjálfari til margra ára. Það var svo árið 2013 sem ég tók við sem formaður og hef sinnt því til dagsins í dag vonandi með ágætum. Það hefur margt áunnist á þessum tíma og mætti þar t.d nefna flottustu Íslandsmót í kraftlyftingum sem haldin hafa verið og stærsta alþjóðamót í kraftlyftingum sem haldið hefur verið á Íslandi. Endurnýjun á gólfi Massa og lokuð aðstaða fyrir kraftlyftingakeppendur eru líka stórir sigrar sem vert er að nefna og þeir sem til þekkja vita að það gekk ekki þrautalaust fyrir sig að ná þessu fram. Framangreint og margt annað hefur áunnist með sameiginlegu átaki margra sem að koma. Ég vill nota tækifærið og þakka öllu því góða fólki sem mér hefur verið heiður að starfa með í gegn um tíðina í verkefnum tengdum Massanum okkar. Ekki fer nú formannsembættið að heiman þar sem konan min ætlar að taka við keflinu enda öllum hnútum kunnug í rekstri Massa eftir stjórnarsetu undanfarinna ára. *Ég kem til með að vera stjórn Massa innan handar þegar þörf krefur og klára þau verkefni sem ég hef tekið að mér fyrir hönd Massa og þar er mótstjórn á evrópumeistaramótinu efst á blaði.*



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Að lokum óska ég íþróttafólkinu okkar til hamingju með árangur síðasta árs í von um að fleiri stökkvi á bætingalestina og haldi merkjum okkar frábæra félags á lofti í framtíðinni. Ég óska nýrri stjórn velfarnaðar og gæfu í sínum verkefnum stórum og smáum.

Sturla Ólafsson formaður

3.4. Sunddeild

Skýrsla stjórnar Sunddeildar UMFN starfsárið 2015

Árið 2015 var í senn ár breytinga og stöðugleika. Starfið í deildinni er í mjög góðum og stöðugum skorðum í samstarfi með félögum okkar í Sunddeild Keflavíkur undir merkjum Sundráðs ÍRB. Við höfum mótað metnaðarfulla stefnu og hefur liðinu gengið mjög vel. Þær breytingar urðu á árinu að Anthony Kattan lét af störfum eftir fimm ára starf og kunnum við honum bestu þakkir fyrir frábær störf. Liðið okkar verður áfram í góðum höndum þar sem í starf yfirþjálfara var ráðinn Steindór Gunnarsson sem er okkur góðu kunnur og einn reynslumesti þjálfari landsins.

Þjálfarahópurinn okkar er frábær en auk Steindórs starfa hjá okkur Eðvarð Þór Eðvarðsson sem þjálfar Framtíðarhóp, Helena Hrund Ingimundardóttir sem þjálfar í Njarðvíkurlaug og Vatnaveröld, Helga Eiríksdóttir sem sér um yngstu börnin í Akurskóla, Hjördís Ólafsdóttir sem þjálfar alla hópa í Heiðarskólalaug, Marín Hrund Jónsdóttir var hjá okkur haustið 2015 og þjálfaði eldri hópana í Akurskólalaug en um áramótin tók Gunnar Örn Arnarson við af henni. Jón Ólafsson er þrekþjálfari elstu hópanna og Carla Evans er með Jóga fyrir Afrekshóp.

Starfið hjá okkur er fjölbreytt og margt markvert gerðist á árinu. Fréttabréfið Ofurhugi er gefið út mánaðarlega og þar má lesa um helstu viðburði og afrek sundfólksins okkar. Við höldum æfingadaga fyrir yngstu sundmennina reglulega til þess að undirbúa þau undir þátttöku í sundmótum. Sundmenn fá tækifæri til þess að keppa á mótum við hæfi bæði innanfélagsmótum og mótum sem önnur lið halda. Hóparnir gera líka ýmislegt skemmtilegt saman og hafa hópar farið saman í bíó, hist í reiðhöllinni á Mánagrund og farið á hestbak, skemmt sér í innleikjagarðinum á Ásbrú og margt fleira.

Í janúar fóru 23 sundmenn ásamt tveimur fararstjórum og þjálfara á Euromeet í Luxemborg. Enginn okkar sundmanna náði í úrslit í opnum flokki en margir náðu að vera í topp 10 í sínum aldursflokki í bestu greinum sínum. Sunneva Dögg Friðriksdóttir bætti sitt eigið ÍRB kvenna og stúlknamet í 100 skrið og setti nýtt ÍRB met í kvenna og stúlknaflökki í 200 m skriðsundi



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

sem Soffía Klemensdóttir átti áður. Krakkarnir hittu og spjölluðu við nokkra af bestu sundmönnum Evrópu á mótinu og náðu sér í mikilvæga reynslu.

Í mars héldum við Páskamót ÍRB þar sem um 140 sundmenn kepptu í 25 m greinum. Margir yngstu sundmennirnir voru að keppa í fyrsta sinn en þau eldri reyndu að bæta sprettímana sína. Allir fengu páskaegg í glaðning og litlu krakkarnir fengu verðlaunapening fyrir þátttökuna.

Íslandsmeistaramót í 50 m laug var haldið í Laugardalslaug í apríl. ÍRB átti 28 keppendur á mótinu og vann liðið samtals 37 verðlaun og náði í átta Íslandsmeistaratitla þar af einn í boðsundi. Þeir sundmenn úr Sunddeild Njarðvíkur sem unnu til verðlauna á mótinu voru:

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir með gull í 1500 m skriðsundi og 400 m fjórsundi, silfur í 200 m fjórsundi og brons í 200 m skriðsundi og 200 m baksundi.

Sunneva Dögg Friðriksdóttir með silfur í 200, 400 og 1500 m skriðsundi og brons í 100 m skriðsundi.

Karen Mist Arngeirsdóttir með silfur í 50, 100 og 200 m bringusundi.

Eydís Ósk setti nýtt íslenskt aldursflokkaðmet í stúlknaflökki í 1500 skrið og stelpurnar í A boðsundsveitinni í 4x200 m skriðsundi þær Íris Ósk Hilmarsdóttir, Sunneva Dögg Friðriksdóttir, Stefanía Sigurþórsdóttir og Eydís Ósk Kolbeinsdóttir settu einnig nýtt íslenskt aldursflokkaðmet í stúlknaflökki og bættu með því met sem við áttum síðan í fyrra.

Í lok apríl hélt SSÍ aðrar æfingabúðir sínar í vetur fyrir unga og efnilega sundmenn. Fjórtán af sundmönnum okkar á aldrinum 14-16 ára var boðið að taka þátt. Þessi hópur er framtíðarhópur SSÍ fyrir Ólympíuleikana í Tokyo 2020.

Maí er alltaf annasamur mánuður hjá okkur en þá höldum við hið árlega Landsbankamót og Lokahóf í kjölfarið. Landsbankamótið er stærsta mótið sem við höldum, mörg lið mæta til leiks með sundmenn sína og við bjóðum upp á gistingu í Holtaskóla. Í ár voru meira en 1700 stungur og meira en þúsund bætingaborðar gefnir þeim sem bættu tímana sína. Á mótinu voru 16 Landsbankamótsmet slegin svo þau eru alltaf að verða betri og betri. Til viðbótar voru 14 ÍRB met bætt á mótinu. Mótið byrjaði á föstudegi en þá fá okkar yngstu sundmenn að njóta sín og er jafnan mikið fjör í lauginni. Í lok dags var svo farið í hinn sívinsæla sjóræningjaleik sem ávallt vekur mikla lukku. Á laugardeginum og sunnudeginum taka svo eldri sundmenn við en í aldursflokknum 12 ára og yngri er keppt í 25 metra laug en 13 ára og



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

eldri keppa í 50 metra laug. Til að halda mót að þessum stærðargráðum er nauðsynlegt að hafa samstilltan hóp foreldra en við hjá sunddeildinni erum heppin að hafa frábært fólk sem skilar þessari vinnu ár eftir ár með miklum sóma. Við viljum þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn; foreldrum, starfsfólki Vatnaveraldar, starfsfólki Holtaskóla og okkar helstu styrktaraðilum, Landsbankanum, Speedo, Reykjanesbæ og Nettó.

Hið árlega lokahóf ÍRB var haldið beint í kjölfarið á Landsbankamótinu. Eins og venjulega var þetta afar gleðileg kvöldstund og mættu yfir 200 sundmenn, fjölskyldur þeirra og boðsgestir. Lokahófgestir snæddu saman ljúffengan kvöldverð, reyndu á heppnina í stóru happdrætti og svo voru að sjálfsgöðu veitt ýmis verðlaun. Kynnir kvöldsins var Kristinn Ásgeir Gylfason gamalkunnur sundmaður úr okkar röðum. Við færum Kristni kærar þakkir fyrir frábæra frammistöðu.

Við fengum einnig að sjá glæsileg skemmtiatriði. Danshópur frá Danskömpány sýndi listir sínar og töframaðurinn snjalli Jón Arnór sem keppti á síðasta ári í Ísland Got Talent heillaði salinn upp úr skónum með töfrabrögðum sínum.

Í lok maí fór hópur sundmanna á Akranesleikana. Líkt og venjulega var nokkuð kalt á sundlaugarbakkanum, en þrátt fyrir það virtust allir skemmta sér konunglega á mótinu. Þrátt fyrir kulda og rok náðust ótrúlega góðir tímar í sumum greinum, nokkur AMÍ lágmark komu í hús ásamt því að boðsundssveitirnar okkar 10 ára og yngri lofa góðu fyrir framtíðina.

Í byrjun júní voru Smáþjóðaleikarnir haldnir í Reykjavík. Sunneva Dögg Friðriksdóttir og Karen Mist Arneirsdóttir voru valdar í sundlið Íslands. Sunneva Dögg Friðriksdóttir keppti í 200 m flugsundi og í 400 og 800 m skriðsundi og stóð sig mjög vel. Karen Mist Arneirsdóttir synti mjög gott 200 m bringusund og vann bronsverðlaun.

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir og Sunneva Dögg Friðriksdóttir kepptu fyrir Íslands hönd á fyrstu Evrópuleikunum sem haldnir voru í Baku í Azebaijan í lok júní.

Eydís keppti í 400 skrið, 1500 skrið og 200 fjór og boðsundi og Sunneva keppti í 100, 200, 400 og 800 m skriðsundi og boðsundi. Stelpurnar voru í boðsundsveit sem setti Íslandsmet í stúlknaflökki á mótinu. Stelpurnar voru heillaðar af því hversu sterkt mótið var í Baku en þar voru sundmenn á þeirra aldri (15-16) ára oft að synda á tímum sem eru miklu hraðari en Íslandsmetin. Þeim fannst lokahátíðin einnig mjög glæsileg.

AMÍ var haldið á Akureyri í júnílok. Í ár var horfið aftur til þess skipulags að hafa bæði yngri sundmenn og eldri en 15 ára saman og var því vel tekið. Margir minntust á það hversu



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

gaman það væri að allt liðið keppti saman og hve mikið yngri krakkarnir nutu þess að sjá eldri sundmenn synda. Það var ekki bara vegna þessa sem helgin var frábær en veðrið lék við okkur og á bakkanum var risastór hópur stuðningsmanna ÍRB svo aðstæður gátu ekki verið betri. ÍRB leiddi mótið frá byrjun og stimplaði inn árangur í hverri grein.

ÍRB vann 94 gull, 75 silfur og 55 brons. Við vorum með stórt og sterkt lið sem er vitnisburður um þá miklu vinnu sem sundmenn, þjálfarar og foreldrar leggja af mörkum. Við áttum 19% af sundmönnum á mótinu en tókum til okkar 28% af stigunum og 40% af gullverðlaunum! ÍRB náði 1745 stigum og var öruggt í fyrsta sæti en í öðru sæti voru Blikar með 893 stig og í því þriðja SH með 877 stig.

ÍRB átti 33 einstaklinga sem náðu að vera aldursflokkameistarar sem er stærri hópur heldur en mörg lið náðu að senda á mótið. Ennfremur náðu 48 einstaklingar frá ÍRB að vinna til verðlauna í einstaklingskeppni og alls náðu 53 úr liðinu að vinna til verðlauna þegar boðsund eru talin með af 60 manna liði.

Við héldum sigurpartí en um leið kveðjuhóf fyrir Anthony þar sem við fögnuðum góðum árangri á AMÍ og um leið gafst öllum tækifæri til að kveðja góðan vin og féлага sem hélt svo af landi brott í júlí.

Eftir sumarfrí tók Steindór Gunnarsson til starfa sem nýr yfirþjálfari. Hann hefur að baki gríðarlega mikla reynslu en hann hefur þjálfað fyrir okkur hjá ÍRB í 15 tímabil, þar af var hann yfirþjálfari árin 2001-2010. Hann var einn af þeim sem setti samstarfið milli sunddeildanna af stað á sínum tíma og eigum við honum mjög margt að þakka enda er Steindór frábær samstarfsmaður og þjálfari. Það er gott að hafa slíkan reynslubolta við stjórnvölinn.

Í haust breyttum við aðeins röðun í hópa og eiga breytingarnar að stuðla að því að yngri sundmenn syndi lengur í sinni heimalaug. Lítillegar breytingar urðu á áherslum á æfingum, æfingafjölda og öðru hjá Afreks- og Keppnishóp, ásamt breytingum í þrekþjálfun. Sú breyting var einnig gerð að nú er boðið upp á 9 vikna sundnámskeið fyrir yngstu sundmennina í stað þess að fólk skrái barnið á sundæfingar fyrir heilan vetur í einu.

Við tókum upp nýjung í mótahaldi á haustdögum. Nýtt mót leit dagsins ljós þegar við héldum fyrsta Speedmót ÍRB í nóvember. Mótið er nýbreytni á sundmarkaðnum, en það er eingöngu fyrir sundmenn 12 ára og yngri og er bara einn dagur. Hugsunin með því er að sundmenn geti keppt í mörgum greinum án þess að þeir og foreldrar þeirra þurfi að eyða allri helginni á sundlaugarbakkanum. Mótið gekk í alla staði mjög vel og voru þau sundfélög sem mættu til okkar afar ánægð með mótið og alla framkvæmd þess.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Sundlið ÍRB átti góðu gengi að fagna á Íslandsmeistaramótinu í 25m laug sem fram fór að Ásvöllum í Hafnarfirði um miðjan nóvember. Alls vann lið ÍRB til níu Íslandsmeistaratitla á mótinu. Sunneva Dögg Friðriksdóttir varð Íslandsmeistari í 200m og 400m skriðsundi og Eydís Ósk Kolbeinsdóttir varð Íslandsmeistari í 1500m skriðsundi.

Sunneva Dögg Friðriksdóttir náði lágmörkum fyrir EM 25 þegar hún sigraði í 400m skriðsundi, og um leið bætti hún fimm ára gamalt Íslandmet stúlkna 15 – 17 ára sem Eycló Ósk Gústafsdóttir Ægi átti.

Eydís Ósk, Karen Mist og Sunneva Dögg náðu svo einnig allar lágmörkum fyrir NM í Bergen. Kvennasveit ÍRB varð Íslandsmeistari í 4 x 200m skriðsundi, en sveitina skipuðu þær: Sunneva Dögg Friðriksdóttir, Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Stefanía Sigurþórsdóttir og Karen Mist Arngeirsdóttir.

Kvennasveit ÍRB setti Íslandsmet í flokki 15- 17 ára í 4 x100m fjórsundi, þegar þær höfnuðu í öðru sæti á frábærum tíma, þar sem þær bættu gamla metið um heilar fjórar sekúndur. Sveitina skipuðu þær: Íris Ósk Hilmarsdóttir, Karen Mist Arngeirsdóttir, Gunnhildur Björg Baldursdóttir og Sunneva Dögg Friðriksdóttir.

Helgina eftir ÍM25 var Bikarkeppni SSÍ haldin í Laugardalslaug. Öflugt og fjölmennt lið ÍRB átti kvennalið bæði í 1. og 2. deild og karlalið í 1. deild.

Keppnin í 1. deild kvenna var æsispennandi en lokaniðurstaðan varð sú að annað sætið var hlutskipti ÍRB aðeins 379 stigum á eftir SH eftir hörkukeppni. Unga kvennaliðið okkar í 2. deild stóð sig líka virkilega vel og lenti í fyrsta sæti í sinni deild. Karlalið ÍRB lenti í fjórða sæti í karlaflokki, en liðið er mjög ungt að árum og þar er mikil endurnýjun í gangi.

Við héldum okkar árlega aðventumót en nú með breyttu sniði. Í stað þess að hafa tvö mót, Jóla- og Aðventumót var ákveðið að sameina mótin til þess að minnka álag á fjölskyldur á þessum annasama tíma. Mótið var haldið í lok nóvember og var keppt í 25 m greinum. Sundmenn úr sprettfiskum og alveg upp í afrekshóp tóku þátt. Eftir mótið vorum við með glæsilegt hlaðborð þar sem borðin svignuðu undan veitingum sem foreldrar færðu á borð.

Þrjár sundkonur úr Njarðvík, þær Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Karen Mist Arngeirsdóttir og Sunneva Dögg Friðriksdóttir, kepptu á Norðurlandamótinu í sundi dagana 11. - 13. desember. Mótið var haldið í Bergen í Noregi í glænýju og flottu mannvirki.

Harpa Kristín Einarsdóttir



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Formaður Sunddeildar UMFN

Stjórn sunddeildar UMFN árið 2014-2015

Harpa Kristín Einarsdóttir Formaður
Anna Steinunn Gunnlaugsdóttir Varaformaður
Herdís Andrésdóttir Gjaldkeri
Anna María Jónsdóttir Ritari
Unnur Helga Snorradóttir Meðstjórnandi
Árni Grétarsson Varamaður
Einar M. Atlason Varamaður
Baldur Sæmundsson Varamaður

3.5 Júdódeild

Skýrsla júdódeildar UMFN starfsárið 2015

Góðan daginn gott fólk Jóna Einarsdóttir heiti ég og er formaður júdódeildar UMFN.

Margt skemmtilegt hefur gerst frá síðasta aðalfundi og ætla ég að tæpa á því stærsta sem gerst hefur á árinu 2015.

- Ný stjórn með kröftugu fólki tók til starfa eftir síðasta fund þar sem nokkrir nýjir komu inn fyrir þá sem ekki héldu áfram.
- Árið fór rólega af stað en það fyrsta sem var ákveðið var að æfingar skyldu áfram verða með sama móti og hefur verið. En júdódeildin hefur haft sín æfingargjöld þau sömu og hvatagreiðslurnar eru frá Reykjanesbæ, og eru 15.000 kr.
- Við tóku svo fjáraflanir þar sem ráðist var í Happadrætti, kaffisölu á Barnahátíð, sala á Ljósanótt, útburður fyrir DV, þáttaka í hátíðahöldum tengdum 17.júni og nú um jólin vorum við með í þrettándagleði Reykjanesbæjar. Ákveðið var



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

að þeir iðkendur sem ætla að fara á mót og æfingabúðir á erlendri grundu gætu notað þessar fjáraflanir til að greiða niður kostnað við ferðina.

- Farið var í æfingaferð Cambrils á Spáni í byrjun ágúst. Þar fóru um 12 keppendur og 9 fararstjórar. Ferðin heppnaðist með eindæmum vel og fengu þeir iðkendur sem fóru mjög mikið út úr ferðinni. Bæði hvað varðar ævintýri og ekki síst þjálfun hjá mörgum af bestu þjálfurum heims og tækifæri á að glíma við júdóiðkendur í heimsklassa.
- Hjá deildinni starfa núna 9 þjálfarar, 2 íþróttfræðingar annar með svartabeltið í júdó og hin í taekwondó, 1 svartbeltingur í júdó auk 3 einstaklinga sem eru í þjálfun hjá ÍSÍ og svartbeltingum deildarinnar. Á þessu ári fengum við loksins kvenkyns þjálfara. Heiðrún Fjóla Pálsdóttir þjálfar nú hluta af yngstu iðkendum deildarinnar og næsta haust er planið að hún taki við þjálfun séstakra stúlknaþópa til að auka hlut kvenna í deildinni og íþróttinni.
- Margir góðir styrktaraðilar styrktu okkur 2015 og þar má meðal nefna, HS Orku og HS Veitur, Securitas, VÍS, SBK, Samkaup, blue car rental, Sigurjón bakari og ótal fleiri fyrirtæki og einstaklingar. Þökkum við þessum aðilum kærlega fyrir sýndan stuðning.

Júdódeildin vann fjölmarga titla á árinu.

- Bjarni Darri Sigfússon Íslandsmeistari barna og unglunga í íslenskri glímu, Íslandsmeistari U18 og í Júdo
 - Ægir Már Baldvinsson Íslandsmeistari í fullorðina í Júdo og 18 Brazilian jiu jitsu
 - Elemar Freyr varð Íslandsmeistari U13 í Júdo og í Glímu.
 - Daníel Árnason Íslandsmeistari í Glímu og Brazilian jiu jitsu.
 - Halldór Matthías Íslandsmeistari unglunga í Backhold
- Í lokin vil ég svo þakka öllum stjórnarmönnum, foreldrum og öðrum sem komu með einum eða öðrum hætti að starfi deildarinnar á árinu 2015-2016. Sjálfboðavinna margra gerir stórt verk auðvelt og skemmtilegt. Með þeim orðum vill ég hvetja alla sem áhuga hafa að koma og starfa með okkur á nýju ári því skemmtilegra og meira gefandi starf er erfitt að finna í dag.

Takk fyrir.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

3.6 Þríþrautardeild

Skýrsla þríþrautardeildar UMFN starfsárið 2015

Þríþrautadeild UMFN hefur lokið enn einu starfsári. Það eru orðin fimm ár frá stofnun deildarinnar, og hefur nánast sami kjarni staðið við stjórnataumana.

Nýjrir meðlimir bætast jafn óðum við en mættu vera fleiri. Hægt er að sjá fjölgun í sumum flokkum meira en í öðrum.

Mótahald deildarinnar er í föstum skorðum eins og undarfarin ár. Við byrjum sumarið á Reykjanesmótinu í götuhjólreiðum í apríl og er þetta alltaf fyrsta mót ársins. Sprettþraut deildarinnar er á sínum stað ásamt fjölskylduþraut og nýliða keppni á afstöðnu starfsári. Þorláksmessusundið var á sínum stað, Kirkjuhlaupið er á sínum stað og einnig Klemminn sem var farin í 20 skipti sem er að verða vinsælli með ári hverju. Mótahald hefur alltaf staðið undir sér og skilað deildinni svolitlum tekjum, en stefna deildarinnar er að fá styrktaraðila í kringum þessar keppnir og hefur það gengið vonum framár, má þar nefna nokkra aðila sem eru duglegir að styðja við bakið á okkur en þeir eru. Shimano í hjóli, Herbalife í þríþraut, Hitaveitan, Bláalónið, IGS og margir aðrir sem hafa styrkt okkur. Það má ekki gleyma því að mótahaldi fylgir mikil vinna og álag sem leggst að mestu á stjórnarfolk og fyrir þá vinnu sem er öll unnið í sjálfboðastarfi, vil ég þakka öllum þeim fyrir vel unnin störf.

Enn eigum við mann í þríþrautanefnd ÍSÍ sem er Guðmundur Ingi Guðmundsson en þurfum að finna nýjan þar sem Gummi er fluttur í Rvk. og er í Þríco. Nauðsynlegt er fyrir okkur að eiga mann þarna inni til að auðvelda samskiptin og koma okkar málum á framfæri.

Á síðasta starfsári var ákveðið að hafa þrjá starfandi þjálfara innan deildarinnar og var samið við Jónu Helenu Bjarnardóttir um að sjá um sund æfingar, Klemenz Sæmundsson um hlaup og svo var Jón Oddur Guðmundsson með hjólaæfingar. Æfingartafla er í föstum skorðum.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Fengum við engan fyrirlestur fyrir áramót hjá okkur og er verið að vinna í því að hafa nokkra árið 2016.

Lítið hefur farið fyrir sjósundi innan deildarinnar, þar af leiðandi hefur marbendill dottið út hjá okkur sem væri gaman að sjá inni 2016.

Er aðstaða deildarinnar með þeim betri á landinu og erum við í góðu samstarfi við IRB með salinn okkar í sundmiðstöðinni.

Árið 2015 komu til æfinga hjá okkur Þríkó með erlenda þjálfara með sér og tókst það vel. Hefðum við vilja sjá fleiri aðila frá okkur með, því það var í boði fyrir okkar fólk.

Þríþrautafólk deildarinnar var kjörið fyrir síðasta ár. Þá var Rafnkell Jónasson kjörinn þríþrautarkarl UMFN OG Guðbjörg Jónsdóttir var kjörin þríþrautarkona UMFN. Þríþrautarmaður Reykjanesbæjar 2015 var síðan útnefndur Rafnkell Jónasson.

Allri iðkendur hafa verið vel sýnilegir í öllum mótum og keppnum sem haldin eru hérlendis og hafa nokkrir verið að fara erlendis að keppa líka.

Stjórn deildarinnar hefur haft í mörgu að snúast. Margar hugmyndir hafa komið upp hjá okkur og aðrar borist okkur með ýmsum hætti. Við höfum reynt að vinna að öllum þessum hugmyndum en oft ræður tíminn úrslitum og einnng peningar. Þó má ekki gleyma að mörgu hefur verið komið í framkvæmd og væri það ekki hægt nema vegna þess að þeir sem starfa innan deildarinnar eru jákvætt fólk með eindæmum og atorkusamt. Ég vil því þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á afstöðnu starfsári deildarinnar. Margir hafa komið að verki og keppt í því að deildin vaxi og dafni. Það er von mín að deildin haldi áfram að styrkjast og framtíð hennar verði björt og aðstaða þríþrautariðkunar, sundiðkunnar, hjólaíðkunnunar og hlaupiðkunar á svæðinu verði bætt enn frekar.

Virðingarfyllt

Stjórn 3N



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

4.0 Þakkarorð

Ég vil færa þakkir fyrir öllu því frábæra fólki sem komið hefur að störfum fyrir félagið. Það er ekki sjálfgefinn hlutur að sjá af tíma sínum í þessi störf og vinna ötullega að því að gera frábært félag enn betra. Megi starfssemi félagsins blómstra áfram um ókomna framtíð. Bolti gegn böli – hreysti til hagsældar
Áfram Njarðvík!

F.h. stjórnar UMFN
Ólafur Eyjólfsson
Formaður

5.0 Íþróttafólk og Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2015

5.1. Íþróttakarlar og íþróttakona UMFN 2015

Logi Gunnarsson og Sunneva Dögg Friðriksdóttir

5.2. Knattspyrnukarlar UMFN 2015

Ómar Jóhannsson

5.3. Körfuknattleikskarlar og körfuknattleikskona UMFN 2015

Logi Gunnarsson og Björk Gunnarsdóttir



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

5.4. Kraftlyftingarkarl og kraftlyftingarkona UMFN 2015

Hörður Birkisson og Inga María Henningsdóttir

5.5 Sundkona UMFN 2015

Sunneva Dögg Friðriksdóttir

5.6. Judókarl UMFN 2015

Ægir Már Baldvinsson

5.7. Þríþrautarkarl og þríþrautarkona UMFN 2015

Rafkell Jónsson og Guðbjörg Jónsdóttir

6.0 Íslandsmeistarar UMFN 2014

6. 1. Körfuknattleiksdeild

Sjá skýrslu stjórnar

6. 2. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.3. Sunddeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.4. Knattspyrnudeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.5. Judódeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.6. Þríþrautardeild



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Sjá skýrslu stjórnar

7.0 Heiðursveitingar

7.1. Ólafsbikar 2015 Valþór Söring og Halldóra Lúthersdóttir

Þau hjónin sem hafa verið samtaka í því að vinna mikið og óeigingjarnt starf fyrir Ungmennafélagið bæði í Unglingaráði sem og Meistaraflokki voru að þessu sinni veittur Ólafsbikarinn sem gefinn er til minningar um Ólaf Thordersen af fjölskyldu hans og skal veittur einstaklingi sem starfað hefur einstaklega vel fyrir félagið. Bikarinn er afhentur á aðalfundi félagsins og var fyrst afhentur 1993.

2014

Valþór Söring og Halldóra Lúthersdóttir

2013

Agnar Mar Gunnarsson

2012

Helgi Helgason

2011

Guðmundur Gunnarsson

2010

Halldór Rósmundur Guðjónsson

2009

Alexander Ragnarsson & Bylgja Sverrisdóttir

2008

Rafn Vilbergsson

2007

Örvar Þór Kristjánsson

2006

Logi Halldórsson

2005

Haraldur Hreggviðsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

2004

Andrés Ottósson

2003

Erlingur Rúnar Halldórsson

2002

Halldóra Húnbogadóttir

2001

Einar Árni Jóhannsson

2000

Ingólfur Ólafsson

1999

Freyr Sverrisson

1998

Steinunn Sighvatsdóttir

1997

Ólafur Guðbergsson

1996

Freyr Sverrisson

1995

Steindór Gunnarsson

1994

Kristinn Pálsson

1993

Leifur Gunnlaugsson

1992

Júlíus Valgeirsson

7.1. Gullmerki með lárviðarsveig

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Einar Árni Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

Hilmar Hafsteinsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

7.2. Gullmerki

Gullmerki UMFN fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2015.

Alexander Ragnarsson
Andrés Ari Ottósson
Viðar Kristjánsson
Þórunn Friðriksdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

- ❖ Erlingur Rúnar Hannesson
- ❖ Páll Kristinsson
- ❖ Ragnar Halldór Ragnarsson
- ❖ Sigmundur Már Herbertsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

- ❖ Haukur Guðmundsson
- ❖ Friðrik Pétur Ragnarsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ Friðrik Ragnarsson
- ❖ Haukur Guðmundsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

- ❖ Gunnar Örn Guðmundsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Hermann Jakobsson
- ❖ Jón Bjarni Helgason
- ❖ Ólafur Thordersen

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

- ❖ Stefán Bjarkason
- ❖ Böðvar Jónsson
- ❖ Guðmundur Snorrason
- ❖ Haukur Jóhannsson
- ❖ Gunnar Þórarinnsson –(afhent á lokahófi knattspyrnudeildar)

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

- ❖ Oddbergur Eiríksson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

- ❖ Gunnar Þorvarðarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

- ❖ Teitur Örlygsson
- ❖ Kristbjörn Albertsson

7.3. Silfurmerki

Silfurmerki UMFN með fyrir 15 ára frábært starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

- ❖ Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

- ❖ Friðrik Erlendur Stefánsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ Sævar Borgarsson
- ❖ Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Alexander Ragnarsson
- ❖ Andrés Ari Ottósson
- ❖ Friðrik Pétur Ragnarsson
- ❖ Guðmundur Sæmundsson
- ❖ Júlíus Valgeirsson
- ❖ Magnús Þór Kristófersson
- ❖ Viðar Kristjánsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

- ❖ Friðrik Ólafsson
- ❖ Herbert Eyjólfsson
- ❖ Þórður Karlsson
- ❖ Þórunn Þorbergsdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

- ❖ Björn Jóhannsson
- ❖ Edda Ottósdóttir
- ❖ Haraldur Hreggviðsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ G. Elsie Einarsdóttir
- ❖ Gunnar Þórarinsson
- ❖ Haukur Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

- ❖ Guðmundur „Brói“ Sigurðsson
- ❖ Hermann Jakobsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson
- ❖ Freyr Sverrisson

7.4 Bronsmerki

Bronsmerki UMFN fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

- ❖ Kristinn Örn Agnarsson
- ❖ Thor Ólafur Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

- ❖ Hörður Birkisson
- ❖ Sturla Ólafsson
- ❖ Sævar Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Bjarni Sæmundsson
- ❖ Friðrik Erlendur Stefánsson
- ❖ Guðni Erlendsson
- ❖ Jóhannes Albert Kristbjörnsson
- ❖ Kristinn Einarsson
- ❖ Páll Kristinsson
- ❖ Sigurður Hilmar Ólafsson

7.4 UMFN Skjöldurinn

Viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Sigmundur Már Herbertsson fyrir dómgæslu



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

- ❖ Helgi Helgason
- ❖ Snorri Jónas Snorrason
- ❖ Thor Ólafur Hallgrímsson

8.0. Reikningar félagsins 2015

8.1 Áritun bókhaldsstofu

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi

9.1. Sport og ævintýraskóli



Skýrsla fyrir sumarið 2015

Sumarið 2015 er sjöunda árið sem Andrés Þórarinn Eyjólfsson, íþróttافرæðingur heldur utan um Sport- og ævintýraskóla í samvinnu við Ungmennafélag Njarðvíkur. Sport- og ævintýraskólinn er einkonar íþrótt- og leikjaskóli fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára. Helsti tilgangur þessa verkefnis er að auka framboð á afþreyingu fyrir börn sem búsett eru í Innri-Njarðvík, Ytri-Njarðvík og á Ásbrú en námskeiðið er að sjálfsgöðu opið öllum börnum Reykjanesbæjar sem eru á áður tilteknum aldri. Aðsetur skólans eru í Íþróttamiðstöð Akurskóla í júní mánuði og í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur í júlí



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

mánuði. Undanfarin ár hefur aðsóknin verið mjög góð og þess má m.a. geta að verkefnið hefur hlotið samfélagsverðlaun frá Friðarhlaupinu (worldharmonyrun.org), hægt er að nálgast umfjöllun frá heimsókn þeirra á <http://www.worldharmonyrun.org/iceland/news/2011/0706>.

Markmið:

Megin markmið Sport- og ævintýraskólans er að kynna börnum fyrir nærumhverfi sínu og upplifa skemmtilega hluti í góðra vina hópi ásamt því að fá góða kynningu á hreyfingu og helstu íþróttagreinum sem UMFN hefur uppá að bjóða. Skólinn er í góðu samstarfi við allt yngriflokkastarf UMFN og að þessu sinni komu Steindór Gunnarsson (sund), Elvar Már Friðriksson (körfubolti) og Guðmundur Stefán Gunnarsson (Júdo) í heimsókn. Ákveðinn dagur var tileinkaður íþróttagreinunum þar sem þjálfarnir fengu til liðs við sig afreksmenn/konur sem síðan kenndu krökkunum eitt og annað.

Þátttökugjald:

Þátttökugjaldið var 10.000 krónur fyrir tveggja vikna námskeið og veittur var 10% systkinaafsláttur.

Námskeiðin:

Fyrsta námskeið - Akurskóla

Fyrsta námskeið sumarsins hófst 8.júní og stóð til 19.júní. Alls sóttu 78 krakkar námskeiðið. Flest þessara barna voru á aldrinum 6-9 ára eða um 70 talsins (90%) og börn á aldrinum 10-12 ára voru samtals 8 eða um 10% af heildarfjölda þeirra sem sóttu júní námskeiðið.

Lagt var af stað með fjölbreytta dagskrá þar sem Sport og Ævintýri áttu eftir að setja skemmtilegan svip á bæjarlífið í Reykjanesbæ.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08.jún-12.jún	<p>Hittingur við íþróttahúsið í Akurskóla</p> <p>Í dag er börnunum raðað í hópa. Farið verður í skemmtilega leiki ásamt því að gera okkur glaðan dag með dýrunum í Landnámsdýragarðinum.</p> <p>Munið að koma klædd eftir veðri, með nesti og í góðum skóm !</p>	<p>Hjóladaður</p> <p>Allir að mæta með hjól eða hlaupahjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýrana. Hópnum verður skipt upp í tvo hópa sem velja um langa eða stutta hjólaferð. Einnig verður hjólaþraut í boði fyrir þá sem vilja reyna á hjólaferðina.</p>	<p>Kynning á Júdo (kynjaskipt) / Heimsókn í fyrirtæki</p> <p>Guðmundur yfirþjálfari Júdo deildar UMFN mun taka á móti hópnum og kynna íþróttina. Við förum einnig í leiðangur og heimsækjum óvænt fyrirtæki.</p> <p>Mætið tímanlega. <u>Því Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi)</u> <u>og kl.12:45 (eftir hádegi)</u></p>	<p>Sund í Vatnaveröld</p> <p>Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Steindór yfirþjálfari sunddeildar ÍRB mun taka vel á móti okkur og kynna þeirra starf. Ekki gleyma nesti og sundfötum.</p> <p>Mætið tímanlega. <u>Því Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi)</u> <u>og kl.12:45 (eftir hádegi)</u></p>	<p>Kynning á körfubolta / Ævintýraleikar</p> <p>Þjálfari innan raða Körfuknattleiksdeildar UMFN mun koma í heimsókn og kynna starf deildarinnar. Ævintýraleikarnir eru einkonar Ólympíuleikar í formi óhefðbundinna íþróttar.</p>
15.jún-19.jún	<p>Kynning á fótbolta / Ratleikur</p> <p>Þjálfari innan raða Knattspyrnudeildar UMFN mun koma í heimsókn og kynna starf deildarinnar. Við munum síðan einnig fara í ratleik þar sem hóparnir fást við ýmsar þrautir og markmið hópanna er að leysa þær.</p>	<p>Ferðalag út í óvissuna</p> <p>Í dag er mjög mikilvægt að koma klædd eftir veðri og muna að taka með sér hollt nesti.</p>	<p>17.júní - FRÍ</p>	<p>Slökkviliðs heimsókn og Innileikjagarður</p> <p>Kíkt verður í heimsókn til slökkviliðsins á keflavíkurflugvelli. Síðan munum við halda uppi fjöri í Innileikjagarðinum.</p>	<p>Tívolídagur og Minute to win it !</p> <p>Farið verður í heimatilbúið Tívolí þar sem börnin fá að spreyta sig í ýmsum tívolíþrautum. Einnig verða Minute to win it þrautir sem verða bæði krefjandi og skemmtilegar. Skildi einhver vinna miljónina ?</p>

Seinna námskeið - Njarðvíkurskóli

Þann 22.júní fór af stað annað námskeið sumarsins og stóð það fram til 3.júlí. Alls sóttu 51 börn seinna námskeiðið. Enn og aftur voru börn á aldrinum 6-9 ára hlutfallslega fleiri eða um 39 talsins (76%) á meðan börn á aldrinum 10-12 ára voru 12 talsins eða um 24% af heildarfjölda þeirra sem sóttu júlí námskeiðið.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

22.jún-26.jún	Hittingur við íþróttahús Njarðvíkur / Rokksafnið Í dag er börnunum raðað í hópa. Farið verður í hópeflisleiki og ratleik sem mun enda inni í Rokksafni Íslands. Munið að koma klædd eftir veðri, með hollt nesti og í góðum skóm !	Körfubolta og Bingó Elvar Már Friðriksson þjálfari afreksíþróttahóps körfuknattleiksdeildar UMFN mun koma með æfingahóp sinn og kynna starf körfuknattleiksdeildarinnar. Einnig verður spilað Bingó í efri sal íþróttamiðstöðvar Njarðvíkur og nú verður spennandi hver skildi fá nafnbótina Bingómeistarinn 2015.	Sund í Vatnaveröld Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Einn efnilegasti þjálfari landsins Steindór Gunnarsson yfirþjálfari sunddeildar ÍRB mun taka vel á móti okkur og kynna þeirra starf. Ekki gleyma nesti og sundfötum. Mætið tímanlega. <u>Því Strætó fer kl.8:50 (fyrir hádegi)</u> <u>og kl.12:50 (eftir hádegi)</u>	Júdo / Gönguferð Fáir eru jafn stórir og sterkir eins og Guðmundur Gunnarsson yfirþjálfari Júdo deildar UMFN en hann mun taka á móti okkur og kynna íþróttina. Einnig munum við fara í smá leiðangur um efri byggð Keflavíkur. Mætið tímanlega. <u>Því Strætó fer kl.8:50 (fyrir hádegi)</u> <u>og kl.12:50 (eftir hádegi)</u>	Fjörheimar Farið verður í félagsmiðstöðina Fjörheima sem er staðsett á Hafnargötu 88. Þar er margt skemmtilegt í boði og munum við að sjálfsögðu gera okkur glaðan dag.
29.jún-3.júl	Fjarsjóðsferð Farin verður ferð í fjöruna þar sem við munum leita eftir kröbbum og öðrum sjávardýrum. Það er aldrei að vita nema flöskuskeyti eða fjarsjóður muni finnast við fjöruborðið.	Hjólaferð til lögreglunar og slökkviliðsins í Keflavík Allir að mæta með hjól eða hlaupahjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýrana og kíkja í heimsókn til lögreglunnar og slökkviliðsins í Keflavík.	Tarzan og apafjör Börnin fá að spreyta sig í Tarzanþraut í íþróttahúsinu í Njarðvík og munu aparnir vera með í öllu fjörinu.	Ferðalag út í óvissuna Í dag er mjög mikilvægt að koma klædd eftir veðri, í góðum skóm og muna að taka með sér hollt nesti.	Tívolídagur og Minute to win it ! Farið verður í heimatilbúið Tívolí þar sem börnin fá að spreyta sig í ýmsum tívolíþrautum. Einnig verða Minute to win it þrautir sem verða bæði krefjandi og skemmtilegar.




UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Skráning


Sumarið gekk mjög vel og voru iðkendur Sport- og ævintýraskólans um 129 samanlagt yfir bæði námskeiðin. Ef við skoðum aldurskiptingu á iðkendunum, þá kemur glögglega í ljós að þátttakendur á aldrinum 6-9 ára voru hlutfallslega fleiri en þeir sem eru á aldrinum 10-12 ára (mynd 2). Kynjahlutföllin skiptust þannig að stúlkur voru 52% og drengir 48% (sjá mynd 3).

Fjöldi iðkenda eftir fæðingarári



Mynd 2. Fjöldi iðkenda í Sport og ævintýraskólanum eftir fæðingarári.

Kynjahlutfall



Mynd 3. Prósentuhlutfall kynja

Starfsfólk Sport- og ævintýraskólans sumarið 2015:

Andrés Þórarinn Eyjólfsson (umsjón) Aðstoðarmenn frá vinnuskólanum voru þau Hrefna Ösp Sigurbjörnsdóttir (10.bekkur), Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir (10.bekkur), Hafdís Líf Víðisdóttir (10.bekkur), Tinna Hauksdóttir (10.bekkur), Birta Rós Hreiðarsdóttir (9.bekkur), Sóley Emanúelsdóttir (9.bekkur), Ylfa Karen Ólafsdóttir (9.bekkur), Ástríður Halla Jóhannsdóttir (9.bekkur), Birgir Örn Hjörvarsson (9.bekkur,) Erla Bergmann (9.bekkur) og Alísa Rún Andrésdóttir (8.bekkur)

Þakkir:

Án styrktaraðila eru svona námskeið ekki framkvæmanleg og því vil ég þakka stjórn Ungmennafélags Njarðvíkur sem hefur ávallt litið á þetta verkefni björtum augum. Einnig vil ég þakka Reykjanesbæ fyrir afnot að mannvirkjum sem við nutum góðs af og þeim frábærum krökkum sem unnu sumarvinnu sína hjá Vinnuskólanum og völdu að vinna með Sport- og Ævintýraskólanum. Strætó-



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Reykjanes á einnig gott hrós skilið fyrir frábæra þjónustu. Síðast en alls ekki síst vill ég þakka þjálfurum UMFN sem heimsóttu okkur og öllu því góða fólki sem lagði hönd á plóg.

Andrés Þórarinn Eyjólfsson

Íþróttافرæðingur

Forstöðu- og ábyrðarmaður Sport- og ævintýraskólans

S: 699-2345

andres@fss.is; sportskoli@umfn.is